

Herdís Anna Jónsdóttir studied the violin and viola at the Reykjavík Music Academy and graduated from the Hochschule für Musik und Darstellende Kunst, Stuttgart 1992. In 1995 she became a member of the Iceland Symphony Orchestra. She performs frequently with other orchestras and chamber music groups in Iceland and abroad.

Percussionist **Steef van Oosterhout** graduated from the Sweelinck Conservatory in Amsterdam in 1987. He worked as a freelance musician in the Netherlands until he moved to Iceland to join the Iceland Symphony Orchestra. He has been active in chamber music in Iceland, e.g. as a member of CAPUT and the Benda percussion group.

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Dúó Stemma

Herdís Anna Jónsdóttir
víóla
Steef van Oosterhout
slagverk



Efnisskrá

Herdís Anna Jónsdóttir víóluleikari nam fiðlu- og víóluleik við Tónlistarskólana á Akureyri og í Reykjavík. Hún fór til framhaldsnáms í víóluleik til Stuttgart og lauk prófi frá Tónlistarháskólanum þar árið 1992. Frá árinu 1995 hefur Herdís verið fastráðin sem víóluleikari við Sinfóníuhljómsveit Íslands og leikur auk þess með ýmsum kammerhópum, til dæmis Kammer-sveit Reykjavíkur og „Dísunum“. Erlendis hefur hún leikið með hljómsveitum og kammerhópum, meðal annars Konzertensemble Salzburg.

Steef van Oosterhout lauk einleikaraprófi frá Sweelinck Conservatorium í Amsterdam 1987. Hann starfaði í Hollandi og víðar um Evrópu, meðal annars með Askó Ensemble, Schönberg Ensemble og Nederlands Blazers Ensemble. Hann hefur leikið með flestum sinfóníuhljómsveitum í Hollandi, þar á meðal Concertgebouw hljómsveitinni í Amsterdam. Árið 1991 var hann ráðinn slagverks- og pákuleikari að Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann hefur leikið með ýmsum kammerhópum og er meðlimur í Caput og slagverkshópnum Bendu.

Herdís og Steef hafa leikið saman sem *Dúó Stemma* síðan 1996 og haldið tónleika á Íslandi og víðar í Evrópu. Þau hafa sett saman sérstaka efnisskrá fyrir börn og spilað í leikskólum bæði á Íslandi og í Hollandi.

Snorri Sigfús Birgisson
f. 1954

Útsetning tónskáldsins á
Brúðkaupssálm úr *Hólabók*

Áskell Másson
f. 1953

Melódía

Atli Heimir Sveinsson
f. 1938

Smávinir fagrir
Intermezzo úr *Dimmalimm*

Sveinn Lúðvík Björnsson
f. 1962

Duplum

Áskell Másson

Berceuse fyrir víólu og marimbu

— Íslensk lög og þjóðlög —